

## Endurskoðunarnefnd

Ár 2018, þriðjudaginn 2. október var haldinn 145. fundur endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn að Tjarnargötu 12 og hófst kl. 8:37. Viðstödd voru Lárus Finnbogason, Einar Hálfðánarson, Sunna Jóhannsdóttir og Ólafur Kristinsson. Sigrún Guðmundsdóttir boðaði forföll og var Ólafur Kristinsson boðaður í hennar stað. Fundarritari var Hallur Símonarson.

### Þetta gerðist:

1. Kjöri endurskoðunarnefndar lýst. Borgarstjórn Reykjavíkur kaus þessa fulltrúa samkvæmt fundargerð borgarstjórnar 19. júní 2018:  
Aðalmenn:  
Lárus Finnbogason, Sigrún Guðmundsdóttir og Einar S Hálfðánarson.  
Formaður var kjörinn Lárus Finnbogason.  
Varamenn:  
Danielle Pamela Neben  
Ólafur Kristinsson  
Diljá Mist Einarsdóttir  
  
Lagt fram tölvubréf Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 28. ágúst 2018, varðandi tilnefningu Orkuveitunnar í endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar. Samkvæmt grein 9.1. í sameignarsamningi eigenda Orkuveitu Reykjavíkur fer endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar með hlutverk endurskoðunarnefndar fyrirtækisins, sbr. 108. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006. Skal einn fulltrúi í nefndinni skipaður skv. tilnefningu stjórnar OR.  
Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að tilnefna Sunnu Jóhannsdóttur í nefndina. IE18090002
2. Fram fer kynning á hlutverki og verkefnum innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar.  
Anna Margrét Jóhannesdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. IE17080006
3. Fram fer kynning á stöðu innri endurskoðunarverkefna hjá Orkuveitu Reykjavíkur.  
Anna Margrét Jóhannesdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. IE18090010, IE18030010, IE18030009
4. Fram fer umræða um samþykkt endurskoðunarnefndar, starfsreglur og verklagsreglur. IE14090002
5. Lagt fram til umræðu minnisblað um verklag endurskoðunarnefndar í tengslum við aukaverk samkvæmt samningi um ytri endurskoðunarþjónustu – kynning. Lagt fram. IE18040007
6. Fram fer umræða um skýrslu endurskoðunarnefndar til borgarstjórnar 2018 sem gefin var út í vor. IE18030005
7. Lögð fram drög að starfsáætlun endurskoðunarnefndar 2018-2019, dags. 28.9.2018. IE18030005
8. Lögð fram drög að umsögn endurskoðunarnefndar um erindi Samtaka tónlistarskóla um endurskoðun ársreikninga tónlistarskóla. IE18090011  
Samþykkt og vísað til borgarráðs með breytingum í samræmi við umræður á fundinum.
9. Fram fer umræða um notkun ársreikningalaga og reikningsskil sveitarfélaga, en skv. sveitarstjórnarlögum skal ársreikningur gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, svo og aðrar góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur, um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga.
10. Fram fer umræða um útgjaldaheimildir sveitarfélaga með hliðsjón af ákvæði 72. gr. sveitarstjórnarlaga 138/2011 og yfirliti því sem stjórnarráðið hefur gefið út skv. 1. mgr.

7. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011 yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga, þ.e. þau sem heimil eru sveitarfélögum.

**Fundi slitið kl. 11:06**

Lárus Finnbogason

Einar Hálfðánarson  
Ólafur Kristinsson

Sunna Jóhannsdóttir